



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 4. nóvember 2025
2511221/502.00 GEF

Lóðunum Skyggnishvarfi 1-11 var úthlutað til Sigma verk ehf. kt. 550424-0610 í 3. áfanga úthlutana í Vatnsendahvarfi. Um er að ræða tvær raðhúsalóðir. Á fundi bæjarráðs 9. október 2025 var samþykkt að veita lóðarhafa lóðanna heimild til framsals í óstofnað félag í 100% eigu lóðarhafa ásamt veðsetningar að fjárhæð kr. 138.000.000,-. Stofnun á hinu nýja félagi er nú í ferli.

Óskar lóðarhafi nú aftur eftir því að fá heimild fyrir veðsetningu að fjárhæð kr. 366.912.000,-, með það að markmiði tryggja fjármögnun og góða framgöngu verkefnisins.

Miðað er við að sú fjárhæð sem óskað er veðsetningar fyrir, sé aldrei hærri en fokheldsverðmæti viðkomandi fasteignar fram að fokheldisstigi. Um er að ræða tvær raðhúsalóðir með samtals sex íbúðum. Hámarksbyggingarmagn er samtals 1.176 m². Fokeldisverðmæti húsanna er áætlað um kr. 564.480.000,-. Umbeðin heildarveðsetning yrði því kr. 504.912.000,- sem er lægri en áætlað fokheldisverðmæti.

Beiðnin hefur verið yfirfarin af skrifstofu áhættu- og fjárstýringar sem gerir ekki athugasemdir.

Með hliðsjón af framangreindu telur undirrituð ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja framlagða beiðni lóðarhafa um viðbótar veðsetningu lóðarinnar að Skyggnishvarfi 1-11 að því sem nemur kr. 366.912.000,-.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

